



VERKMENNTASKÓLI
AUSTURLANDS
Samvinna - þekking - árangur

Ferðavenjukönnun

Umhverfisnefnd VA

Mýrargötu 10

740 Fjarðabyggð

Netfang: va@va.is

Heimasíða: www.va.is

Sími 477 1620

Fax: 477 1852



Efnisyfirlit

Inngangur	1
Nemendur	2
Hvernig ferðaðist þú oftast til og frá skólanum á starfstíma skólans árið 2023	2
Gætir þú hugsað þér að nota annan ferðamáta?	2
Starfsfólk.....	3
Hvernig ferðaðist þú oftast til og frá skólanum á starfstíma skólans árið 2023	3
Gætir þú hugsað þér að nota annan ferðamáta?	3

Inngangur

Verkmenntaskóli Austurlands (VA) hóf innleiðingu á verkefningu Græn skref í ríkisrekstri á árinu 2021 og hlaut staðfestingu á að hafa lokið fimmta græna skrefinu þann 27. maí 2022. Eitt af þeim atriðum sem á að gera er að framkvæma ferðavenjukönnun innan stofnunarinnar. Könnunin var lögð fyrir í annað sinn í lok haustannar 2023 og unnið var úr niðurstöðunum á vorönn 2024. Í þessari skýrslu má lesa helstu niðurstöður meðal nemenda og starfsfólks.

Nemendur


Könnunin var send út á dagskólanemendur í skólanum og bárust alls 54 svör sem er um helmingur allra dagskólanemenda. Skoða verður niðurstöðurnar í því ljósi.

Kynjaskipting svarenda endurspeglar vel skiptinguna meðal dagskólanemenda en 73,5% svarenda voru karlkyns.

Meirihluti svarenda þurfti að fara töluverða vegalengd til að komast í skólann eða frá 20km upp í 80km.

Hvernig ferðaðist þú oftast til og frá skólanum á starfstíma skólans árið 2023

Um helmingur svarenda notaðist við virkan ferðamáta, þ.e. gangandi, hlaupandi eða með almenningssamgöngum (49%) og eru gangandi eða hlaupandi stærsti hópurinn eða 16 svarendur. Athygli vekur að aðeins 24,5 sögðust koma akandi á bensín- eða díselbíl.



Mynd 1. Hvernig ferðaðist þú oftast til og frá skólanum á starfstíma skólans árið 2023? – Nemendur.

Gætir þú hugsað þér að nota annan ferðamáta?

Aðeins um þriðjungur svarenda gæti hugsað sér að nýta einhvern annan ferðamáta oftar. Rúmlega helmingur þeirra myndi kjósa frekar að vera farþegi í bíl eða koma akandi sjálf á bensín- eða díselbíl. Einnig vildu 16% koma á hjóli eða rafknúnu hjóli.

Það sem helst hamlar því að þau noti ferðamátann oftar var vont veður og að það taki of langan tíma. Einnig sögðust nokkrir ekki hafa bílpróf. Því má ætla að vont veður og það taki

of langan tíma eigi frekar við um þá sem vilja nota almenningssamgöngur, hjóla eða ganga en meginástæðan fyrir því að þau komi ekki á bíl sé að þau séu ekki með bílpróf.


Starfsfólk

Könnunin var send út á póstlista starfsfólks og aðeins bárust 11 svör sem er um þriðjungur af öllu starfsfólki. Skoða verður niðurstöðurnar í því ljósi.

Meirihluti svarenda býr í Neskaupstað og aðeins tveir svarendur bjuggu í öðrum bæjarkjarna.

Hvernig ferðaðist þú oftast til og frá skólanum á starfstíma skólans árið 2023

Tæplega helmingur svarenda kom sjálfur akandi á bensín- eða dísilbíl (45,5%) og 18,2% til viðbótar á vistvænum bíl. 3 komu gandi eða hlaupandi og 1 á reiðhjóli eða rafknúnu hjóli.



Mynd 2. Hvernig ferðaðist þú oftast til og frá skólanum á starfstíma skólans árið 2023? – Starfsfólk.

Gætir þú hugsað þér að nota annan ferðamáta?

72,7 % svarenda gætu hugsað sér að nýta einhvern annan ferðamáta oftar. Rúm 40% myndu vilja koma á reiðhjóli eða rafknúnu hjóli. Einn myndi vilja koma gangandi eða hlaupandi og tveir á hesti.

Samhljómur var með álitni nemenda að því leyti að það sem helst hamlar því að það noti ferðamátann oftar var vont veður en einnig að það þurfi að sinna ýmsum erindum á leiðinni. Einnig nefndu einhver að það væri aðstöðuleysi á vinnustaðnum.

Hvorugur hópurinn hafði sérstakar aðgerðir í huga til að hvetja þau til að nota vist- og heilsuvæna ferðamáta. Einn benti á að það þyrfti að koma upp hjólastígum á milli fjarða en einnig var nefnt að færðin þyrfti að batna og fjarlægðin að vera minni. Einn nemandi sagði að það myndi hjálpa að mega vera á heimavistinni um helgar, þá þyrfti ekki að vera að keyra um langa vegalengd í hverri viku til og frá skóla.